



AMAROQ MINERALS LTD.

3400 One First Canadian Place, PO Box 130
Toronto, ON, M5X 1A4, Kanada

TILKYNNING UM AÐALFUND OG AUKAFUND HLUTHAFA

HÉR MEÐ TILKYNNIST að aðalfundur Amaroq Minerals Ltd. („**fyrirtækið**“) og aukafundur hluthafa þess fer fram sem fjarfundur á <https://meetnow.global/MXTPU2V> föstudaginn 14. júní 2024 kl. 10:00 að staðartíma í Toronto (14:00 GMT) í eftirfarandi tilgangi:

1. að taka við og fara yfir endurskoðaða ársreikninga fyrirtækisins fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2023 ásamt áritun endurskoðenda,
2. að kjósa í stjórn fyrirtækisins til næsta árs,
3. að endurskipa BDO Canada LLP sem endurskoðendur fyrirtækisins til næsta árs og heimila stjórninni að ákveða þóknun endurskoðenda,
4. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, samþykkja, með eða án breytingartillagna, almenna ályktun um að samþykkja kaupréttarsamninga fyrirtækisins með áorðnum breytingum, eins og nánar er lýst í meðfylgjandi upplýsingabréfi,
5. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, að samþykkja, með eða án breytingartillagna, almenna ályktun um að samþykkja samninga félagsins um skilyrt hlutabréf með áorðnum breytingum, eins og nánar er lýst í meðfylgjandi upplýsingabréfi,
6. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, að samþykkja, með eða án breytingartillagna, sérstaka ályktun um að samþykkja að fyrirtækinu verði breytt úr fyrirtæki sem starfar samkvæmt kanadískum fyrirtækjalögum í fyrirtæki sem starfar samkvæmt Ontario-fyrirtækjalögum (e. Business Corporations Act (Ontario)) á þeim grundvelli sem kemur fram í meðfylgjandi upplýsingabréfi,
7. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, að samþykkja, með eða án breytingartillagna, sérstaka ályktun sem finna má í heild sinni í upplýsingabréfinu um að heimila stjórn fyrirtækisins, að því gefnu að ályktunin um breytinguna hér að ofan verði samþykkt, að taka ákvarðanir um fjölda stjórnarmanna frá einum tíma til annars, innan þess lágmarks- og hámarksfjölda stjórnarmanna sem tilgreindir eru í samþykktum fyrirtækisins og í samræmi við lið nr. 125(3) í Ontario-fyrirtækjalögum,
8. að fjalla um önnur mál sem lögð eru fyrir fundinn með réttum hætti eða sérhverja frestun á afgreiðslu þeirra.

Fundurinn fer fram á ensku og öll fundargögn verða á ensku.

Málum sem fjallað verður um á fundinum er nánar lýst í meðfylgjandi upplýsingabréfi („**upplýsingabréfið**“)¹.

Félagið stendur fyrir fjarfundi hluthafa. **Hluthafar munu ekki geta setið fundinn í eigin persónu.**

¹ Tilkytninguna og upplýsingabréfið má finna í heild sinni á ensku á:
<https://www.amaroqminerals.com/investors/annual-general-meeting-2024/>

Þess í stað geta skráðir hluthafar og tilnefndir umboðsaðilar þeirra setið fjarfund og tekið þátt, kosið eða sent inn spurningar yfir netið á þessum tengli: <https://meetnow.global/MXTPU2V>.

Ef þú ert handhafi íslenskra innlánsskírteina sem standa fyrir almenn hlutabréf og eru skráð á Íslandi í gegnum Arion banka hf. getur þú fyllt út umboðseyðublað og skilað því til vörsluaðila þíns á Íslandi eigi síðar en kl. 16:00 GMT **31. maí 2024**, til að gera Arion banka hf. kleift að kjósa samkvæmt fyrirmælum þínum á fundinum.

Óskráðir handhavar (eða raunverulegir eigendur) íslenskra innlánsskírteina sem hafa ekki formlega tilnefnt sig sem fulltrúa með því að senda mætingartilkynningu til vörsluaðila síns á Íslandi geta setið fundinn sem „gestir“ en geta ekki tekið þátt, sent spurningar eða kosið á fundinum.

Ákvörðun um hvaða hluthafar eigi rétt á að fá tilkynningu um og kosningarétt á fundinum, og sérhverri frestun á afgreiðslum hans, miðast við viðskiptadaginn 10. maí 2024 („**viðskiptadagurinn**“). Aðeins hluthafar sem tilgreindir eru í hluthafaskrá í lok viðskipta á viðskiptadegi eiga rétt á að fá tilkynningu um og kosningarétt á fundinum og sérhverri frestun á afgreiðslum hans.

DAGSETT 17. maí 2024

SAMKVÆMT BEIÐNI STJÓRNAR

(undirritað) „*Graham Stewart*“
Graham Stewart
Stjórnarformaður